

AA samtökin á Íslandi

FUNDARGERÐ

**TUTTUGASTA OG NÍUNDA
ÞJÓNUSTRÁÐSTEFNA LFN**

HALDIN Í
VÍÐISTAÐASKÓLA

17 MAÍ 2008



Efnisyfirlit**bls:**

Dagskrá ráðstefnunnar.....	3
<u>Ráðstefnan sett</u>	
Setningarávarp fráfarandi oddamanns LPN	4
Tilnefning fundarstjóra og fundarritara	4
<u>Kynning nefnda og skýrslur vegna síðasta starfsárs</u>	
SAAS (höfuðborgarsvæðið)	4
SAAA (Akureyri)	5
Önnur landsvæði	5
Evrópuráðstefnan 2007.....	5
Landsþjónustunefnd	7
Upplýsingarnefnd	8
Kjörnefnd	9
Millipinganefnd	9
Útgáfunefnd (og ársreikningar).....	10
Ársreikningar landsþjónustunefndar	10
Umræður um reikninga AA samtakanna	10
Landsþjónustunefnd svarar fyrirspurnum	10
<u>Kosningar</u>	
Kjörnefnd greinir frá vali á mönnum til landsþjónustu	11
Kosið í upplýsingarnefnd.....	11
Kosið í kjörnefnd	11
Kosið í millipinganefnd	11
Skoðunarmenn fyrir ársreikninga 2009	11
Þjónustuhandbók AA samtakanna	11
Hvað er þér efst í huga – frjáls umræða	12
<u>Hópastarf</u>	
Viðfangsefni hópastarfs	13
Álit umræðuhópa lesin upp og rædd	14
<u>Önnur mál</u>	17
<u>Ráðstefnuslit</u>	19



AA samtökin á Íslandi
TUTTUGASTA OG NÍUNDA ÞJÓNUSTURÁÐSTEFNA LÞN
„Þjónusta í kærleika, þakklæti í verki”.
Haldin í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði laugardaginn 17. maí 2008

Athugið að fundarstjóri getur fært til einstaka dagskrárliði ráðstefnunnar telji hann þess þurfa. Húsið opnar klukkan 07:30. Skráðir og skilvísir fulltrúar einir eiga rétt til setu og þátttöku á Landsþjónusturáðstefnu, auk Landsþjónustunefndar og fulltrúa frá starfsnefndum.

- 07:40 – 08:00 Móttaka ráðstefnufulltrúa og skráning.
08:00 – 08:20 Ráðstefnan sett.
1. Fundarmenn kynna sig með nafnakalli.
2. Erfðavenjur lesnar.
3. Setningarávarp fráfarandi oddamanns LÞN.
4. Tilnefning fundarstjóra og fundarritara.
- 08:20 – 09:20 Skýrslur nefnda – fulltrúi frá hverri nefnd kynnr nefndina og störf hennar:
5. Samstarfs- og svæðisnefndir kynntar og gefin skýrsla vegna síðasta starfsárs.
- SAAS (samstarfsnefnd AA á Stór-Reykjavíkursvæðinu)
- SAAA (svæðisnefnd AA á Akureyri)
- Fundarstjóri gefur fulltrúum af öðrum landssvæðum kost á að kynna stutta skýrslu af AA-starfi frá sínum heimabyggðum.
6. Skýrsla fulltrúa frá Evrópuráðstefnu.
7. Landsþjónustunefnd kynnt og gefin skýrsla vegna síðasta starfsárs.
8. Upplýsinganefnd kynnt og gefin skýrsla vegna síðasta starfsárs.
9. Kjörnefnd kynnt og greint frá hennar störfum við val á fulltrúum til LÞN.
10. Millipinganefnd kynnt og gefin skýrsla vegna síðasta starfsárs.
11. Útgáfunefnd kynnt og lagðir fram reikningar fyrir síðasta starfsár.
12. Gjaldkeri AA-samtakanna leggur fram og les ársreikning fyrir síðasta ár.
09:20 – 09:40 13. Umræður um ársreikning AA-samtakanna og AA-útgáfunnar.
09:40 – 10:00 14. Landsþjónustunefnd svarar fyrirspurnum
- 10:00 – 10:30 Morgunkaffi
- 10:30 – 11:00 Kynning og kosningar til nefndarstarfa
15. Kjörnefnd greinir frá hverjir völdust til þjónustustarfa í Landsþjónustunefnd
16. Tilnefning og kosning til þjónustustarfa í Upplýsinganefnd
17. Tilnefning og kosning til þjónustustarfa í Kjörnefnd
18. Tilnefning og kosning til þjónustustarfa í Millipinganefnd
19. Tilnefndir skoðunarmenn fyrir ársreikning AA-samtakanna á LÞR 2009
11:00 – 11:20 20. Millipinganefnd leggur þjónustuhandbók undir umræðu og atkvæði.
11:20 – 11:50 21. Hvað er þér efst í huga? – frjáls umræða fram að hádegismat.
- 12:00 – 13:00 Matarhlé. LÞN heldur sinn fyrsta fund og skipar með sér störfum.
- 13:00 – 15:00 22. Hópastarf.
- 15:00 – 15:30 Kaffihlé
- 15:30 – 15:35 23. Sporin lesin.
15:35 – 16:00 24. Umræðuhópar ljúka við að skrifa upp álit.
16:00 – 17:00 25. Álit umræðuhópa lesin upp og rædd
17:00 – 17:50 26. Önnur mál.
17:50 – 18:00 27. Ráðstefnuslit.

Ráðstefnan sett

1. Fundarmenn kynna sig með nafnakalli

Fundarmenn kynntu sig.

2. Erfðavenjur lesnar

R.Á. las erfðavenjur.

3. Setningarávarp fráfarandi oddamanns LÞN

H.H. las: Góðan daginn kærur félagar. 29. þjónusturáðstefna Landsþjónustunefndar AA samtakanna á Íslandi er hér með sett. Nú hafa fundarmenn kynnt sig og sagt fyrir hvaða deild þeir eru hér. Takk fyrir, ég heiti H.H. og ég er alkóhólisti. Verið þið öll hjartanlega velkomin á 29. þjónusturáðstefnu Landsþjónustunefndar. Ég veit að við eigum eftir að eiga góðan dag. Ég vona að við nýtum daginn vel þannig í lok hans verðum við ánægð með afrakstur dagsins. Ég bið fólk að vera málefnalegt í allri umræðu og taka tillit til hvers annars. Dagskráin er þétt og við munum reyna að halda tímasetningar eins og kostur er. Þar sem ég bý úti á landi og er yfirleitt á fámennum fundum finnst mér sérstaklega gaman að horfa yfir salinn og sjá vini mína þar. Ég bið ykkur að rísa úr sætum og fara með mér með æðruleysisbænina (...) takk fyrir. Ég tilnefni Þ.Ó. sem fundarstjóra og J.T. sem fundaritari.

4. Tilnefning fundarstjóra og fundarritara

Þ.Ó. var tilnefndur fundarstjóri og J.T. fundaritari. Engar athugasemdir voru gerðar.

Skýrslur nefnda

5. Samstarfs- og svæðisnefndir kynntar og gefin skýrsla vegna síðasta starfsárs

a) SAAS (Samstarfsnefnd AA á Stór-Reykjavíkursvæðinu)

S.J. flutti skýrsluna:

SOS – Því starfi var komið í skikkanleg horf í ársbyrjun síðasta árs sem þýðir að listinn er endurnýjaður reglulega eða 1 sinni í mánuði sem og listinn, skjalið sem sent er til fulltrúa, var endurnýjað. Mjög fáir koma og skrá sig á SOS fundunum eftir að skráningarblöðin urðu aðgengileg í deildunum og eftir að áheyrnarfulltrúar fóru að koma með blöðin til SOS fulltrúanna á SAAS fundunum.

Vogur – Í byrjun síðasta árs voru 2 deildir beðnar um að víkja vegna þess að fundir þeirra deilda voru ekki að virka. Viðræður á síðari hluta síðasta árs varðandi nánara samstarf milli Vogs og AA (SAAS). Talað um að jafnvel yrði einhver fækkun á fundum. Síðari hluta febrúar voru allir AA fundir á fös- lau- og sunnudögum teknir út. Sögufundir (speaker fundir) eru ennþá á sunnudögum. Ástæða fyrir þessu: ekki neindir ráðgjafar á kvöldin á þessum tíma til að róa mannskapinn eða einstaka manneskjur ef þau stuðast eitthvað við fundina. Margir hafa farið út sökum funda samkvæmt dagskrárstjóra á Vogu. Umbeðið: Hjalti dagskrárstjóri.

Kvennafangelsi – datt út. Voru ekki nógu ánægð með mætingu fundahaldara á fundina og vildu því fara þessa leið. Neyðarsíminn – Einstaka heimasíðunnar sem fellur í hlut ritara. Nýr ritari kom svo til starfa og kom upp nýrri heimasíðu, en henni var ekki haldið við né fullkláruð. Ýmislegt vantar inná heimasíðuna sem var á eldri síðunni. Sá ritari varð svo frá að hverfa vegna anna en nú er kominn nýr ritari sem er að vinna í að koma heimasíðunni í rétt og virkt horf, sem og að halda utan um fundargerðir og fleira tilheyrandi ritarastarfinu.

Kleppur – AA fundir á Kleppi eru komnir til SAAS og er verið að vinna í fyrirkomulagi, með starfsfólki þar.

Krísuvík – Brösótt á síðasta ári en verið að vinna í að koma þessu í almennilegt horf og á fínu skriði núna.

Reykjalundur – Hefur gengið þokkalega.

Landspítali 33A – Síðasta starfsár gekk einstaklega vel þrátt fyrir að sá SAAS fulltrúi hafi tekið við slöku búi frá fyrra ári. En með eftirfylgni og virkjun á fólki þá gekk þetta mjög vel.

Skólavörðustígur – Hefur gengið mjög vel og verið vel haldið utan um það undanfarin ár. Nýr aðili kosinn í þetta starf á aðalfundi. Nýji maðurinn fékk aðlögun og aðstoð við að komast í starfið.

Ritari SAAS – Ritari hætti á síðasta ári og lét eiginlega ekki vita, og var það starf í algjöru lamasessi. Við það varð mikið rask á umsjón heimasíðunnar sem fellur í hlut ritara. Nýr ritari kom svo til starfa og kom upp nýrri heimasíðu, en henni var ekki haldið við né fullkláruð. Ýmislegt vantar inná heimasíðuna sem var á eldri síðunni. Sá ritari varð svo frá að hverfa vegna anna en nú er kominn nýr ritari sem er að vinna í að koma heimasíðunni í rétt og virkt horf, sem og að halda utan um fundargerðir og fleira tilheyrandi ritarastarfinu.

Gjaldkeri SAAS – Fráfarandi gjaldkeri (2006-2007) borgaði allt á endanum til baka, fenginn var löggiltur endurskoðandi til að fara yfir málin. Allt síðasta ár fór mestmegnis í að leiðrétta þar síðasta starfsár vegna þessa leiðindamáls en fráfarandi gjaldkeri (2007-2008) stóð sig með stakri þryði við að koma hlutunum í lag sem og við að koma nýjum gjaldkera í starfið. Núverandi gjaldkeri er fráfarandi oddamaður síðasta árs. Borgað var til

Landsþjónusta á síðasta ári það fé sem var umfram rekstur. Ekki er ástæða til að eiga mikla peninga þar sem ekki er lengur verið að búa til bækling um SAAS og SAAS fundina. Ákveðið var að eiga 3 mánaða rekstur fyrir SAAS. Lítið til af peningum eins og staðan er í dag, nær ekki rekstri næstu 3 mánuði. Fremur lítið um framlög. Upplýsingarnefnd SAAS – Verið að kanna málið og jafnvel að koma á fót. Miðað við fyrri tímabil sem ég hef setið í SAAS sem og sem áheyrnarfulltrúi þá gengur SAAS að mörgu leiti betur, fulltrúarnir eru virkari við að mæta á fundina og við sín störf. Og við stefnum á frekari framfarir (vantar að fá viljugt fólk á lista sem er til í að starfa í SAAS í framtíðinni).

b) SAAA (Svæðisnefnd AA á Akureyri)

G.Ó. flutti skýrsluna:

Svæðisnefndin hefur komið saman mánaðarlega til að fara yfir helstu verkefni líðandi stundar. Allar deildir á Akureyri hafa rétt á að senda fulltrúa í svæðisnefnd en eins og gengur eru þær misvirkar í því. Störf innan nefndarinnar eru eftirfarandi:

Gjaldkeri - sér um öll fjármál nefndarinnar.

Gjaldkeri þjónustumiðstöðvar – sér um almennan rekstur þjónustumiðstöðvarinnar svo sem með innheimtu húsaleigu og stendur skil á húsaleigu, hita og rafmagni. Einnig úthlutar hann peningum til húsvarðar sem svo sér um innkaup á kaffi og mjólk sem og ljósaperum, hreinlætisvörum og öðru smáræði.

SOS fulltrúi – heldur utan um og mannar fundi í fangelsið á Akureyri og á geðdeild Fjöðungsjúkrahússins. Lítið hefur verið að gerast á þeim vígstöðvum þar sem fangelsið hefur verið í endursmíðum allt síðastliðið ár og hóf ekki starfsemi á ný fyrir en nú rétt nýverið.

Bókarfulltrúi – sér til þess að nóg sé til af bókum. Einnig hefur viðkomandi séð um að gefa bækur til stofnana þegar svæðisnefndin hefur samþykkt það. Á síðasta ári fengu fangelsið, Verkmenntaskólinn og Háskólinn á Akureyri bækur frá samtökunum.

Upplýsingarfulltrúi – sér um að halda kynningar fyrir AA á svæðinu og hefur umsjón með bæklingum fyrir þjónustumiðstöð AA á Akureyri.

Neyðarsími – Fulltrúi svæðisnefndar heldur utan um og mannar neyðarsíma sem ábyrgir AA félagar hafa í sinni vörslu hálfan mánuð í senn. Númer neyðarsímans er auglýst í dagskrám svæðisins.

Önnur verkefni:

Hátíðarfundur AA – Svæðisnefndin heldur utan um skipulag hátíðarfundarins og skiptir með sér þeim verkefnum sem þarf að sinna.

Svæðisnefnd kynnti hugmyndir um að breyta fundarstað AA í þjónustumiðstöð og var kosið um að gera það fyrir rétt tæpu ári. Um þessar mundir er verið að skoða hvernig sú breyting hefur komið út og í sumar sem og á haustdögum verður vonandi komin skýrari mynd á þann rekstur.

c) Fundarstjóri gefur fulltrúum af öðrum landssvæðum kost á að kynna stutta skýrslu af AA-starfi frá sínum heimabyggðum:

E.B. gjaldkeri fimmtudagsdeildar á Akranesi sagði frá starfinu á Skaganum. Hann sagði að þar væru átta fundir á viku og þá sæktu um 50-60 manns. Þá héldi fimmtudagsdeildin úti neyðarsíma og niðurgreiddi AA-bókina, sem er seld á 1500 krónur, og auk þess greiddi deildin til Landsþjónustunefndar.

V.F. sagði frá starfinu í Vestmannaeyjum. Hún sagði að þar væru sjö fundir á viku og að starfið gengi upp og niður. Þá hefðu þau gefið AA-bækur og tólfasporslista til stofnana. Loks sagði V.F. að nú færi fram vinna í leigusamningi á húsinu sem þau væru með.

6. Skýrsla fulltrúa frá Evrópuráðstefnu

K.E. flutti skýrsluna:

Fjórtaða Evrópuráðstefna AA samtakanna, Frankfurt, Þýskalandi 19. - 21. október 2007:

FRAMTÍÐ OKKAR OG ÁBYRGÐ

Höfuðtilgangur Evrópuráðstefnunnar er sá sami og tilgangur alheimsráðstefnunnar, þ.e. að flytja boðskap samtakanna til alkóhólista sem enn þjást, hvar sem þeir eru og hvaða tungumál sem þeir tala. Evrópufundurinn leitast við að safna saman reynslu, þekkingu, styrk og von, frá þátttakendum til að bera boðskapinn áfram. Lögð er áhersla á að efla skilning og þekkingu á tengsl milli landa og hvað skilvirkni í þjónustu er þýðingarmikil.

Undirritaður fór einn á þessa ráðstefnu, þar sem eldri fulltrúar höfðu dregið sig í hlé og því mætti ég sem fulltrúi í fyrsta skipti. Ráðstefnan hófst um hádegi á föstudag með kynningu, þar sem fulltrúar fengu tækifæri til að kynna sig og kynnast hver öðrum. Setningarávarpið var flutt af oddamanni Evrópufundarins, Inge De Ruiten frá Hollandi. Í setningarávarpinu talaði hún um tilgang og viðfangsefni fundarins, framtíð okkar og ábyrgð. Henni var tíðrætt um hvatningu við að flytja boðskap AA-samtakanna og sagði það á okkar ábyrgð að enn eigi eftir að koma boðskapnum til þeirra sem enn þjást.

Hún skipti ábyrgðinni og þjónustunni niður í þrjá flokka:

- Í fyrsta lagi í smærri hópum og á fundum þar sem við tókum ábyrgð á þjónustu eins og að halda utan um kaffisjóð, taka á móti nýliðum og þess háttar.

- Í öðru lagi, á landsvísu, þar sem við getum verið meðlimir í nefndum og ráðum, tekið þátt í tólfta spors verkefnum, unnið að verkefnum fyrir landsþjónustu eða átt sæti í landsþjónustu og fl.

- Í þriðja lagi, að breiða boðskapinn út milli landa, vinna með öðrum löndum að uppbyggingu AA, með þátttöku í Evrópu-ráðstefnu eða Alheimsráðstefnu. Í samantekt sinni tengdi hún mjög saman ábyrgð og þjónustu og sagði að við værum ábyrg fyrir þeirri vinnu í AA sem ekki væri búið að vinna til að halda AA á lífi.

Eftir stutt ávarp frá Ann Napier, frá Alþjóðaskrifstofunni í Bretlandi, fór fram nafnakall og stutt kynning, þar sem fulltrúar kynntu sig og gerðu grein fyrir sér.

Skýrsla Alþjóðráðstefnunnar, sem fram fór í Dublin, Malahide, Írlandi, í október 2006 var flutt af Bodil Lund frá Svíþjóð. Þessi skýrsla hefur verið kynnt og flutt af H.H., öðrum fulltrúa Íslands af þeirri ráðstefnu og liggur frammi.

Næst flutti Julio Espallat ávarp frá Alþjóðaskrifstofu AA-samtakanna. Honum var tíðrætt um þriðju erfðavenjuna (til þess að gerast AA félagi, þarf aðeins eitt, löngun til að hætta að drekka). Julio kom inn á að þjónusta og ábyrgð tengist bata og hvernig hans reynsla af þjónustu tengist edrúmennsku og bata, AA virkar fyrir þá sem vinna fyrir AA. Hann sagði: „Erum við orðin svo stöðnuð að við leitum ekki nýrra leiða til að víkka félagsskap AA, hvar svo sem hann er? Þegar við horfum til framtíðar ættum við að vera sveigjanleg án þess að verða það eftirgefanleg að aðferðir okkar og arfleifð glatist. Við ættum að viðhalda stöðugleika án þess að verða svo stíf að við getum ekki aðlagast breytingum til að ná til alkólista sem þjást. Við ættum að halda áfram að leita leiða og samvinnu við fagaðila um alkóhólisma án þess að gefa eftir tilgang og upplag samtakanna. Við ættum að halda áfram við að finna nýjar leiðir til að kynna AA-samtökin, hvað við gerum og hvað við stöndum fyrir. Við verðum að íhuga hugsanir okkar og nýjar hugmyndir eins og fyrirrennarar okkar gerðu.“

Hann benti einnig á að framtíð AA er í mínum höndum eins og þínum sem og öllum í AA hvaðanæva að í heiminum. Hvernig framtíð sjáum við fyrir okkur, er hún á okkar ábyrgð? Einnig sagði hann: „uppskriftin sem hefur virkað í fortíðinni - finndu þann sem er þurfandi fyrir hjálp og hjálpaðu - þetta markmið og sýn gæti borið okkur inn í komandi framtíð.“

Eftir kvöldmat á föstudeginum voru fluttar skýrslur allra þátttökupjóðanna, almennt er uppgangur í flestum löndum, en allvíða er AA á brauðfótum í Evrópu og dæmi eru um að mikið vanti upp á að AA hafi skotið það föstum rötum að það geti kallast starfhæf samtök. Enn eru dæmi um lönd í Evrópu sem ekki hafa starfandi AA samtök. Áberandi var hvað mikill munur er orðinn á löndum þar sem AA hefur starfað lengi og þar sem samtökin eru ung, hvað varðar viðfangsefni. Að undanskildum fulltrúa Rússa, sem var mjög ósátt við flesta hluti, þá voru þátttakendur og skýrslur þjóða vel fluttar, skýrar og í anda einingu og bata. Kvöldið endaði með sameiginlegri bæn rétt fyrir miðnætti. (Sjá skýrslu þjóða á netinu: væntanlegt á heimasíðuna okkar).

Á laugardegi störfuðu vinnuhópar, sem voru alls sex. Undirritaður var í hóp sem tók fyrir Agenda / Policy / Admissions / Finance Committee. Þar kom meðal annars fram að töluvert margar þjóðir hafa ekki enn komið sér upp uppbyggingu AA og geta því ekki tekið þátt í Evrópuráðstefnu AA samtakanna. Ræddar voru tillögur þess efnis hvort hægt væri að nota þá peninga sem til eru á vegum Evrópusamtaka AA, til að hjálpa til við að koma á AA skipulagi í þessum löndum og/eða bjóða fulltrúum þessara landa sem áheyrnarfulltrúum á komandi ráðstefnu. Einnig kom fram hugmynd um að ráða sérstakan tengslafulltrúa til kynningastarfs í þessum löndum. Peningamálar eru eilífðar viðfangsefni í flestum löndum og miklar vangaveltur voru um hvernig best væri að greiða kostnað fulltrúa landanna á Evrópuráðstefnunna. Nefndin hafði til umfjöllunar tilnefningar um umræðuefni fyrir 15. Evrópuráðstefnunna og fyrir valinu varð:

EDRÚMENNSKA HEFUR ENGIN LANDAMÆRI.

Undirritaður var einnig í öðrum vinnuhóp, sem tók fyrir Developing Unity in the Service Structure.

Meginviðfangsefnið var að mikið af hópum kallar sig AA, þó þeir noti ekki AA prógrammið, þeir nota ekki arfleifðirnar þrjár og framlag frá þeim til samtakanna er ekkert, samt sem áður eru þeir skráðir sem AA fundir eða AA hópar. Spurt er, á að leyfa þeim að kalla sig AA og hvernig tökum við á þannig málum. Óhemjumikið var af allskonar dæmum um þetta, í Tyrklandi eru fjölmennir hópar sem kalla sig AAA og víða í Evrópu eru til dæmi af eignarhaldi á fundum, heftingu á tjáningu og öllu mögulegu slíku. Helstu lausnir sem virðast ganga best, er að ganga á undan með gott fordæmi, bjóða upplýsingar og leiðbeiningar, leiða með útskýringum og að þolinmæði væri besta leiðin til að eiga við svona hópa, flestir höfðu þá skoðun að þess konar hópar entust sjaldnast lengi. Í opnum umræðum kom meðal annars fram frá fulltrúum Íra og Breta, að peningar sem komnir eru í pott á AA fundi eru eign AA samtakanna, töluverðar umræður voru um hvernig eigi að túlka þessa hluti. Almennt séð eru flestir þeirrar skoðunar að þetta sé ríkjandi viðhorf þó svo að margir kannist við að ráðstöfun á peningum sé ábótavant. Hvað varðar niðurstöður og viðfangsefni annarra umræðuhópa, vitna ég í meðfylgjandi skýrslu.

Á laugardagskvöldinu voru kynningar, þar sem fulltrúum gafst kostur á að deila vinnu sinni og reynslu í AA og fyrir sitt land með öðrum, bæði var um fyrirfram ákveðnar kynningar eins og frá fulltrúum Belgíu og Litháen, sem og hverjum þeim sem eitthvað lá á hjarta. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, eftir að hafa tekið þátt í svipaðri dagskrá á

Alheimsráðstefnu AA samtakanna og svo á Evrópuráðstefnunni í Frankfurt, þykir mér þetta afar góð leið til að ná fram einingu og samkennd meðal AA félaga.

Dagskrá sunnudags, fór í að klára úrvinnslu vinnuhópa, kjósa í nefndir og störf næstu ráðstefnu.

Framkvæmdastjóri GSO í New York, Greg Muth flutti lokaávarp ráðstefnunar, eins og hans er von og vísa þá var ávarpið fullt af hvatningu og þakklæti til fulltrúa og ósk um kærleiksrík störf í þágu AA.

Kosning oddamanns til Evrópuráðs AA fór þannig að danski fulltrúinn, Ib Baden Jensen varð fyrir valinu, eftir að hafa haft betur í kosningu við sænska og belgíska fulltrúa um sætið.

15. Evrópuþing AA samtakanna verður haldið í Frankfurt, 2009, fulltrúar í undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnuna hittast í ágúst 2009, til að ljúka undirbúningi þingsins. Pólski fulltrúinn, Jacek Chmielewski, var valinn til að flytja fundargerð Evrópuráðstefnunnar á Alheimsráðstefnu AA samtakanna í New York.

Inge De Ruiter sleit ráðstefnunni um hádegi á sunnudag, með hinni sameiginlegu bæn.

K.E.

7. Landsþjónustunefnd kynnt og gefin skýrsla vegna síðasta starfsárs

H.H. flutti skýrsluna:

Skýrsla Landsþjónustunefndar fyrir starfsárið 2007 – 2008:

Hlutverk Landsþjónustunefndar er eftirfarandi:

*Standa vörð um erfðavenjur og reynsluspor AA-samtakanna

*Hafa umsjón með eigum AA-samtakanna

*Reka skrifstofu AA samtakanna í Reykjavík

*Skipa nefndir sem sinna sérstökum verkefnum innan AA-samtakanna

*Kalla saman og undirbúa Landsþjónusturáðstefnuna

*Einnig hefur Landsþjónustunefndin staðið fyrir afmælisfundi samtakanna

föstudaginn langa ár hvert

Á liðnu starfsári hefur Landsþjónustunefnd haldið 9 fundi. Hefur jafnan verið fjallað um fjölda erinda á hverjum fundi. Fundamæting hefur verið nokkuð góð. Fundir voru ekki haldnir í júní, júlí og ágúst eins og venja er. Strax á fyrsta fundi nefndarinnar skipti hún með sér verkum og voru tilnefndir í eftirfarandi störf:

1. H.H. Fljótsdalshéraði: oddamaður

2. H.S. Reykjavík: gjaldkeri

3. I.I. Reykjavík: fundarritari

Í Landsþjónustunefnd eru auk þeirra: G.S., H.B., K.E., L.V., S.F. og E.P., sem er öldungur. Síðan eru ei-alkarnir, Einar Sigurbjörnsson, Jóhannes Bergsveinsson og Sigurður Björgvinsson. Fyrir þá sem ekki vita þá eru ei-alkarnir menn sem eru vinveittir samtökunum og eru ekki alkóhólistar og geta komið fram fyrir hönd samtakanna. Fundir Landsþjónustunefndar eru haldnir síðasta mánudag í hverjum mánuði.

Í skrifstofunefnd voru tilnefnd samkvæmt hefð oddamaðurinn H.H. og gjaldkerinn H.S., en einnig K.E. og L.V.. K.E. vék úr skrifstofunefnd á árinu og í hans stað kom Sigurður Björgvinsson. Fundir skrifstofunefndar voru haldnir síðasta mánudag í hverjum mánuði á undan fundi Landsþjónustunefndar. Í drögum að nýrri þjónustuhandbók fyrir AA samtökin er talað um að fulltrúi frá AA útgáfunni sitji í skrifstofunefnd og tel ég að það verði mjög til bóta fyrir samtökin.

Í kjörnefnd sitja 7 fulltrúar. Þar af eru 3 tilnefndir af Landsþjónustunefnd, einn þeirra er ei-alki.

Í upplýsingarnefnd sitja einnig 7 fulltrúar, þar af eru 4 tilnefndir af Landsþjónustunefnd. Einn þeirra er ei-alki.

Síðastliðið haust var skipaður starfshópur til að fara yfir mál skrifstofunnar. Í þeim hóp voru úr Landsþjónustunefnd H.H., L.V. og I.I. og frá AA útgáfunni var G.G.. Þessi hópur skilaði m.a. af sér starfslýsingu fyrir starfsmann samtakanna.

G.B. starfsmaður sagði starfi sínu lausu með löglegum 3ja mánaða uppsagnarfresti 30. nóvember sl. Hann lét af störfum 29. febrúar sl. og var starfið auglýst. Nokkrir hæfir umsækjendur sóttu um starfið og voru teknir í viðtöl.

Að þeim loknum var ákveðið að ráða H.H., sem er hér okkur til aðstoðar í fyrsta sinn á Landsþjónusturáðstefnu. Bjóðum við hana velkomna til starfa.

Ýmislegt fleira var rætt í starfshópnum meðal annars skipting útgjalda á milli AA útgáfunnar og Landsþjónustunefndarinnar.

Póstur – Nokkuð vill bera á að bréf sem send eru frá skrifstofu samtakanna til deilda komist ekki til skila eða séu ekki lesin upp á fundum. Það er áriðandi að póstkassar séu á fundarstað og að þeir sem taka á móti pósti deilda sinna sjái til þess að öll bréf séu lesin upp. Bréfin eru ekki einkamál þjónustunefndarinnar, heldur bréf til allra fundarmanna í deildinni. Á nokkrum stöðum er ekki hægt að koma því við að hafa póstkassa, t.d. í kirkjum, en þá er áriðandi að ábyrgðarmaður deilda sjái til þess að t.d. kirkjuverðir taki á móti pósti og komi honum til skila.

Heimasíðan – Ný heimasíða samtakanna leit loksins dagsins ljós nú á vordögum. Starfsmaðurinn er að vinna við að setja inn efni á hana og vonumst við til að hún verði lifandi og þjóni þeim tilgangi sem henni er ætlað.

Fundargerðir Landsþjónustunefndar verða t.d. á heimasíðunni. Vonandi verður fljótlega hægt að kaupa þar bæklinga og bækur eins og til stóð. Reynt verður að hafa fundarskrána á heimasíðunni eins rétta og mögulegt er og eru fulltrúar hvattir til að fara yfir hana og láta vita ef þeir finna rangar upplýsingar.

Nafnleyndin – Alltaf ber nokkuð á nafnleyndarbrotum í fjölmiðlum. LPN afgreiðir þessi mál eins og unnt er, jafnóðum og þau berast. Til mikilla bóta væri ef deildir héldu samviskufundi þegar slíkt gerist og gerðu viðkomandi aðila grein fyrir að um nafnleyndarbrot hafi verið að ræða. Talað er við fréttastjóra allra helstu fjölmiðlanna um það bil einu sinni á ári um þessi mál.

Erlend samskipti – K.E. fór á Evrópuráðstefnu AA samtakanna í Frankfurt, Þýskalandi 19.-21. október 2007 eins og fram kom í skýrslu hans áðan. G.B. starfsmaður fór á Norrænu ráðstefnunna og þaðan kom spurning hvort við vildum halda ráðstefnunna 2009. Því var hafnað.

Afmælisfundurinn – Í tilefni af 54 ára afmæli AA samtakanna á Íslandi var að venju skipuð sérstök afmælisnefnd. Fundurinn var á föstudaginn langa 21. mars og þar töluðu AA menn og konur og fulltrúi frá Al-anon. Fundurinn fór vel fram og var Laugardagshöllin næstum full, um það bil 2500 manns. Okkur til mikillar ánægju voru AA félagar duglegir að gefa í pottinn á þessum fundi og kom töluvert meira inn en árið áður. Efni fundarins var jafnóðum flutt á táknmáli. Einnig var stórt sýningartjald á sviðinu sem sýndi vel þá sem töluðu.

Þjónusturáðstefnan 2007 – Var haldin í Víðistaðaskóla 19. maí 2007. Dagskráin var hefðbundin og umræða í hópum líflæg. Á ráðstefnunni voru 66 þátttakendur, þar af greiddu 51 fulltrúa þáttökugjaldið og 9 landsbyggðarmenn fengu greiddan hluta ferðakostnaðar eða um kr. 59.720.-

Nokkur atriði voru samþykkt á ráðstefnunni m.a. að fyrirframsenda fulltrúum deilda sem koma á ráðstefnunna upplýsingar um hvað fer þar fram og um hverja verður kosið, dagskrá og umræðuefni hópa. Þetta var gert núna í vikunni. Samþykkt var að senda fundargerð ráðstefnunnar til allra deilda sem tóku þátt í henni. Það var gert um leið og fundargerðin barst. Einnig var samþykkt á ráðstefnunni að gefa AA bókina út í vasabroti eða kiljuformi og var nú nýlega farið fram á að AA útgáfan hæfist handa um að gefa bókina út.

Erfðavenjumánuður – nóvembermánuður var að venju haldinn sem sérstakur erfðavenjumánuður. Er þetta í 23. sinn sem svo er og þykir gefast vel, enda telja margir að hug sínum sé beint inn á nýjar brautir með þessum hætti. Skrifstofan sendir út bréf til að minna á erfðavenjumánuðinn. Til að auðvelda þeim sem leiða fundi, eru sendir spurningarlista um erfðavenjurnar, sex til tíu spurningar um hverja erfðavenju. Við hvetjum allar deildir til að íhuga erfðavenjurnar sérstaklega í nóvember. Ísland mun vera eina landið í heiminum sem hefur sérstakan erfðavenjumánuð.

Þjónustuhandbókin – Millipinganefnd mun hér á eftir leggja nýja þjónustuhandbók fyrir ráðstefnunna til umræðu og atkvæða.

Fundaskráin – kom út 2 sinnum á árinu. Hún úreldist fljótt vegna breytinga. Fundarskráin er uppfærð *eftir upplýsingum sem skrifstofan fær frá AA-félögum*. Þar sem fundarskrá fylgir gögnum ráðstefnunnar viljum við biðja ykkur að leiðrétta hana þar sem við á og afhenda starfsmanni.

Fundir eru nú 162 í Reykjavík og 142 á landsbyggðinni eða alls 304 og hefur deildum fækkað um 5 síðan í fyrra. Af þessum deildum eru 6 enskumælandi, 1 pólsk og 1 þýsk. 19 íslenskumælandi deildir eru starfandi erlendis.

Að þessu sinni hætta tveir í Landsþjónustunefnd, ég sem hér stend eftir 5 ára starf og G.S. að eigin ósk. Á undanförunum árum hefur það viljað brenna við að fólk hefur gefið kost á sér til þjónustustarfa í Landsþjónustunefnd en ekki athugað að þetta er í raun 5 ára skuldbinding. Það er mjög óeðlilegt að ég sé ein á 5. ári og enginn á 4. ári. Ég hvet fólk til þess að íhuga þetta vel áður en það gefur kost á sér. Í nýrri þjónustuhandbók er reiknað með að menn séu eitt ár varamenn og hámark 4 ár aðalmenn. Í Landsþjónustunefnd eru 12 menn, 9 alkar og 3 ei-alkar.

Ég vil að lokum nota þetta tækifæri og þakka félögum mínum úr Landsþjónustunefndinni innilega fyrir góð kynni og samstarf þessi ár. Að öllum öðrum ólöstuðum vil ég þakka Jóhannesi Bergsveinssyni sérstaklega fyrir allt það góða sem hann hefur lagt til AA samtakanna.

8. Upplýsingarnefnd kynnt og gefin skýrsla vegna síðasta starfsárs

E.G. flutti skýrsluna:

Skýrsla Upplýsingarnefndar LPN fyrir þjónusturáðstefnu 2008:

Á síðastliðnu starfsári fundaði Upplýsingarnefnd LPN reglulega einu sinni í mánuði og hefur frá síðustu þjónusturáðstefnu haldið 12 fundi.

Ýmislegt var rætt á fundum nefndarinnar, en satt best að segja hefur gengið erfiðlega að hrinda hugmyndum hennar í framkvæmd og liggja til þess ýmsar ástæður. Sumar af þessum hugmyndum hafa verið tíundaðar í fyrri ársskýrslum. Verða þær væntanlega áfram á dagskrá og komast síðan vonandi smátt og smátt til framkvæmdar. Hér á eftir skal dregið á það helsta, sem verið hefur í umræðunni:

Stöðugt hefur verið fjallað um hlutverk, starfshætti og helstu verkefni Upplýsingarnefndar LPN og þá ekki síst það, hvernig best verði staðið að því, að koma á fót stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum og styðja við þær, sem þegar eru teknar til starfa. Hið fyrrnefnda hefur þó gengið erfiðlega. Starfsemi upplýsingarnefndar Svæðisnefndar Stór-Reykjavíkursvæðisins hefur verið í lægð á sl. ári, en hún var búin að vera með miklum blóma áður. Vonir standa til þess að hún sé að rísa aftur upp úr lægðinni. Það er augljóst, að reikna má með talsverðum

öldugangi varðandi þessa starfsemi eins og reyndar allt félagastarf, er gjarnan stjórnast af tíma og drifkrafti einstakra, eða nokkurra fárra, manna.

Í umræðum varðandi það, hvernig koma skuli á laggirnar stað- og svæðisbundnum upplýsingarnefndum, hafa nefndarmenn talið vænlegasta kostinn, að heimsækja AA-deildir úti á landsbyggðinni og kynna þeim tilgang og starfsemi slíkra nefnda. Þetta mætti jafnframt tengja kynningu á ýmissi annarri sameiginlegri þjónustustarfsemi AA-samtakanna.

Miklar vonir voru bundnar við tilkomu nýrrar heimasíðu AA-samtakanna á Íslandi og hvernig nota mætti hana til þess að koma kynningu og öðrum upplýsingum til AA-félaga á landsbyggðinni. Voru í tengslum við það ræddir möguleikar á, að setja t.d. handbókina fyrir stað- og svæðisbundnar upplýsingarnefndir á netið ásamt öðru leiðbeiningarefni.

Ákveðið er að setja fundargerðir og ársskýrslur Upplýsingarnefndar LÞN á netið tengt heimasíðunni. Nú er nýja heimasíðan komin og sést þá vonandi á næsta starfsári nefndarinnar hversu raunhæfar þessar væntingar voru. Nokkur einstök mál komu til kasta nefndarinnar og voru rædd þar:

AA-samtökunum á Íslandi bauðst tækifærið til kynningar AA í kynningarbási á afmælisfundi SÁÁ. Þetta tækifæri var ekki nýtt, enda þótti ýmsum það stangast á við 6. erfðavenjuna. Sumum nefndarmönnum þótti þó miður að tækifærið skyldi ónotað því, ef rétt hefði verið á haldið, hefði verið hægt að nota það til þess, að skýra fyrir þeim, er fundinn sóttu, þann grundvallar mun, sem er á SÁÁ annars vegar og AA hins vegar. Hvernig það er algjörlega andstætt erfðavenjum AA-samtakanna að rugla þessu saman og í raun hættulegt bæði fyrir AA og skjólstæðinga SÁÁ.

Vegna forsiðufréttar í Morgunblaðinu síðasta sunnudag septembermánaðar þar sem AA og SÁÁ var ruglað saman enn eina ferðina, sendi nefndin bréf til ritstjórnar Morgunblaðsins og reyndi að leiðrétta þennan rugling. Hnýtti hún aftan í bréfið ítrekun á eðli erfðavenju nafnleyndar og óskum um að fjölmiðillinn gætti þess að brjóta ekki nafnleyndina gagnvart AA-félögum, sem hann kann að fjalla um. Slík nafnleyndarbrot hafa þó endurtekið sig síðan og er því mikilvægt að fylgja betur eftir kynningu til fjölmiðla um þýðingu erfðavenju nafnleyndar og óskum um að þeir brjóti hana ekki á AA-félögum í umfjöllun um þá.

AA-samtökunum á Íslandi barst sl. nóvember erindi frá landsþjónustu og almannatengslanefnd Al-Anon samtakanna á Íslandi þar sem óskað er eftir fundi með almannatengslanefnd AA-samtakanna. Fól LÞN Upplýsingarnefnd að funda með þeim. Fór sá fundur fram í byrjun desember og var upplýsandi og gagnlegur fyrir báða aðila. Stendur til að koma á öðrum slíkum fundi á næsta starfsári.

Samband Íslenskra Framhaldsskólanema (SÍF) sendi AA-samtökunum í byrjun apríl bréf til að kynna forvarnardag framhaldsskólanna, er halda átti 9. apríl sl. og bauð samtökunum þátttöku í honum. Boðið var hvorki þegið né afþakkað, en í svarbréfi til SÍF var m.a. bent á, að AA-samtökin einbeita sér að því, að hjálpa einstaklingum, sem þegar eru lentir í vandanum, en hafa ekki beinar forvarnir á stefnuskrá sinni. Frekari viðbrögð komu ekki við þessu svarbréfi og varð ekki af þátttöku AA-samtakanna í forvarnardegi SÍF.

Þess skal að lokum getið, að nokkur vanhöld urðu á meðlimum nefndarinnar því þrír heltust úr lestinni snemma á starfstímabilinu.

Fyrir hönd Upplýsingarnefndar LÞN

Jóhannes Bergsveinsson,
oddamaður.

9. Kjörnefnd kynnt og greint frá hennar störfum við val á fulltrúum til LÞN

K.E. kynnti: Kjörnefnd hefur það verkefni að fara yfir umsóknir er berast frá deildum sem bjóða fram fulltrúa til landsþjónustu og að tilnefna aðila úr þeim hópi. Eftirtaldir voru valdir til starfa í kjörnefnd í fyrra af Landsþjónustunefnd: K.E., E.A. og Einar ei-alki. Þeir sem hlutu kosningu á ráðstefnunni í fyrra voru: S.J., P.G., H.G. og K.S.. Kjörnefnd starfar hluta af árinu og lýkur störfum þegar hún hefur valið úr hópi þeirra sem bjóða fram krafta sína.

10. Millipinganefnd kynnt og gefin skýrsla vegna síðasta starfsárs

P.S. flutti skýrsluna:

Millipinganefnd starfaði í óbreyttri mynd á síðasta starfsári. Í nefndinni sitja 7 manns; 4 sem kosnir voru á 28. Þjónusturáðstefnu 2007 og 3 sem LÞN skipar. Störf nefndarinnar fólust í því að halda áfram að vinna að handbók fyrir AA-samtökin á Íslandi. Nefndin fundaði 10 sinnum á síðasta starfsári og var fyrsti fundur boðaður í nóvember. Fyrstu verk nefndarinnar voru að lagfæra nokkra hnökra og fjalla um ábendingar sem fengust á seinustu þjónusturáðstefnu. Tekin var einróma ákvörðun um að senda drögin tímanlega til allra AA-deilda á landinu til yfirlestrar, allar athugasemdir voru vel þegnar og rann frestur út til að skila inn athugasemdum þann 11. apríl síðastliðinn. Eitthvað gekk illa að koma handbókinni út, sökum anna og mannaskipta á skrifstofu, því fékkst aðeins einn og hálfur mánuður í stað tveggja og háls mánaðar tíma sem nefndin ákvað í upphafi. Engu að síður bærust nefndinni 4 athugasemdir sem teknar voru til skoðunar. Helsta breyting sem nefndin gerði á handbókinni er að breyta textanum úr boðhætti (skal, skulu) í orðfæri nær hinum víðsýna anda AA-samtakanna (við höfum, reynslan hefur sýnt okkur). Í fyrri drögum var gert ráð fyrir að fulltrúar deilda á Landsþjónusturáðstefnu hefðu amk 2 ára edrúttíma. Nú hljómar setningin sem fjallar um edrúttíma fulltrúa á eftirfarandi hátt: „Reynslan hefur sýnt að þeir

sem eru hæfastir til starfa á Landsþjónusturáðstefnu hafa a.m.k. þriggja ára samfelldan edrútíma, auk þess að hafa haldgóða þekkingu á uppbyggingu og starfsemi AA samtakanna." Að lokum má nefna að kaflinn um fjármál var bættur töluvert.

Þegar deildirnar fengu handbókina til yfirlestrar vantaði ákveðna kafla sem báru undirskriftina: „AA-útgáfan mun leggja til efnið". Því miður var einhver misbrestur hjá AA-útgáfunni, sem sá sér ekki fært að koma þessu efni til nefndarinnar á tilsettum tíma. Í kjölfarið fékk nefndin tölvupóst 25. apríl frá AA-útgáfunni, þar sem meðal annars kemur fram að:

„Hlutverk útgáfunefndar AA-samtakanna á Íslandi er ekki að staðfæra erlend rit sem varða uppbyggingu AA-samtakanna á Íslandi.

AA-útgáfan getur komið að þýðingum og útgáfu á viðurkenndu AA-efni sem varðar uppbyggingu AA-samtakanna, en telur það hlutverk landsþjónustunefndar AA-samtakanna á Íslandi að staðfæra efni m.t.t. laga, reglna og annara íslenskra aðstæðna. Í ljósi ofanritaðs biður útgáfunefnd AA-samtakanna þess að fyrrgreindur texti um að AA-útgáfan leggi til efnið verði fjarlægður úr fyrirleggjandi drögum að þjónustuhandbók fyrir AA-samtökin á Íslandi."

Nefndin tók því einróma ákvörðun um að notast í bili við þýðingar sem unnar hafa verið innan grasrótárinna á síðustu árum. Taka skal fram að ekki er um endanlegar þýðingar að ræða, talsverða vinnu á eftir að leggja í þessar þýðingar til að góðar séu. Þessar þýðingar eru eingöngu til að gefa glögga mynd um hvað verið er að ræða um.

Millipinganefnd hefur unnið að handbók AA-samtakanna á Íslandi í þrjú ár. Þó að enn eigi eftir að laga skjalið til, t.d. frágang á þýðingunum sem hér voru nefndar, telur nefndin mikilvægt að Landsþjónusturáðstefnan taki afstöðu til þess skipulags sem í handbókinni er. Nefndin leggur því hér með handbókina til 29. þjónusturáðstefnunnar, til umsagnar og þar á eftir til samþykktar eða synjunar, sem ég fel fundastjóra að ákveða undir hvaða lið umræða og kosning fer fram.

11. Útgáfunefnd kynnt og lagðir fram reikningar fyrir síðasta starfsár

M.Þ. kynnti: Í nefndinni eru, auk hans, G.G., J.K., og M.G.. M.Þ. vísaði í drögin að handbókinni, sem allir fundarmenn höfðu í sínum fótum, til skýringar á störfum nefndarinnar. Þá las hann upp ársreikning AA-útgáfunnar 2007, sjá fylgiskjal. Hann sagði að það hefði orðið tap vegna umfangsmikillar útgáfu á síðasta ári. Nefndin hefði staðið að útgáfu á bókinni „AA-samtökin slíta barnsskónum" í 1000 eintökum. Þá voru AA-bókin og Líf án áfengis endurprentaðar, sem og mikið magn af bæklingum og fundaskrár. M.Þ. sagði að tekin hefði verið ákvörðun um að gefa allar fundaskrár og marga bæklinga. Þá væri verið að vinna að nýrri þýðingu á Hugleiðingu dagsins og á döfinni væri að gefa út AA-bókina í vasabroti, en það hefði verið tillaga frá síðustu Landsþjónusturáðstefnu.

12. Gjaldkeri AA-samtakanna leggur fram og les ársreikning fyrir síðasta ár

H.S. gjaldkeri las reikninginn, sjá fylgiskjal. Hann óskaði eftir tveimur skoðunarmönnum til að skoða og yfirfara reikningana. H.S. vildi reyna að ganga frá því máli í kaffihléinu. Þá sagði hann að það hefði ekki verið jafnmikill rekstrarafgangur síðan 2003.

13-14. Umræður um ársreikning AA-samtakanna og AA-útgáfunnar og Landsþjónustunefnd svarar fyrirspurnum

Mikil umræða varð um ársreikning AA-útgáfunnar. Ó.H. og G.Í. gagnrýndu mikinn hagnað af starfsemi útgáfunnar. G.Í. spurði hvort bækur mættu ekki vera ódýrari. A.K. sagði reynsluna sýna að gott væri að miða við að eiga varasjóð til þriggja mánaða og spurði hvort að útgáfan vildi ekki hugsa sér að miða við eitthvað slíkt, þrjú mánuði eða eitt ár. S.S. minnti á samþykkt frá síðustu ráðstefnu um að sundurliða betur reikninga útgáfunnar í framtíðinni. E.G. spurði hvers vegna AA-útgáfan ætti svona miklar birgðir.

M.Þ. benti á að skuldir væru á móti eignahlið. Það væru til 7 milljónir í handbæru fé en það yrðu að vera til peningar til að gefa út bækur. Þá sagði hann að það væri reynt að selja bækur á kostnaðarverði. Auk þess væru bæklingar gefnir. Hann sagði erfitt að halda úti einhverjum reglum um varasjóð og hann gæti ekki svarað því hvort unnt væri að setja einhverjar algildar reglur. Hann taldi að það væri erfitt hjá fyrirtækjum almennt og AA-útgáfan væri eins og hvert annað fyrirtæki. Hvað sundurliðun á reikningi varðaði benti M.Þ. á að hana væri að finna aftan á reikningnum. Þá sagði hann að birgðirnar væru m.a. vegna útgáfunnar á nýju bókinni, AA-samtökin slíta barnsskónum, og ennfremur væri prentað mikið magn af AA-bókinni.

Fundarstjóri furðaði sig á því að góð afkoma væri gagnrýnd og hefði hann heldur haldið að léleg afkoma væri gagnrýnisverð. Hann hrósaði útgáfunefnd í kjölfarið. K.E. benti einnig á að reikningar útgáfunnar væru til marks um ábyrgan rekstur, þar væri enginn yfirdráttur eða lánsfé.

S.S. minnti á aðra samþykkt frá síðustu ráðstefnu sem væri að gefa út AA-bókina í vasabroti. Hann spurði hvers vegna það hefði ekki verið gert. Hann spurði hvers vegna útgáfan hlustaði ekki á þessar samþykktir.

H.H. sagðist ekki hafa áttað sig á því að LPN þyrfti að biðja útgáfunefnd formlega að gefa út AA-bókina í vasabroti, þar sem nefndarmenn hefðu verið á ráðstefnunni, en nú væri það gert hér með. M.Þ. sagði að það vera rétt að óskin hefði borist útgáfunni einhvern tímann á árinu. Þá hefði verið komið á undan hjá þeim að gefa út Hugleiðingu

dagsins, í nýrri þýðingu, og AA-bókin í vasabroti var sett í röðina. K.E. benti á að í útgáfumálum væri ákveðin vinnubrúun sem þyrfti að fylgja. Bók væri ekki gefin út á einum degi. M.M. fagnaði því að AA-bókin ætti að koma út í kilju.

Þá vék umræðan að reikningi LÞN. M.M. sagðist hafa heyrt um styrk frá Reykjavíkurborg til að halda stóra fundinn í Laugardalshöll og spurði hvort eitthvað væri til í því.

K.E. benti á að fjárhagsleg staða hefði lagast mikið milli ára. LÞN hefði verið í vandræðum en hún þyrfti að vera sjálfbær og vildi enga ölmusu. Almennt væri talið eðlilegt að eiga fyrir um ársútgjöldum í varasjóði, ef eitthvað færi úrskaiðis, og þau miði við u.þ.b. 5 milljónir. K.E. taldi að útgáfan hugsaði þetta eins. Hann sagði að við nytum ágætrar stöðu fjárhagslega í bæði útgáfunni og LÞN en það þyrfti ekki mikið að fara úrskaiðis til þess að það kæmi halli á reksturinn. Hins vegar vildum við ekki heldur safna peningum. Loks sagði K.E. meintan styrk frá Reykjavíkurborg vera leiðinlegt kjaftaslúður sem væri kolrangt. Hins vegar hefði Laugardalshöll fengist fyrir lítið. Að umræðum loknum stjórnaiði fundarstjóri atkvæðagreiðslu. Hún fór fram með handauppréttingu fundarmanna. Reikningar Landsþjónustunefndar voru samþykktir með yfirgnæfandi meirihluta. Reikningar AA-útgáfunnar voru einnig samþykktir með yfirgnæfandi meirihluta.

Morgunkaffi

Kynning og kosningar til nefndarstarfa

15. Kjörnefnd greinir frá hverjir völdust til þjónustustarfa í Landsþjónustunefnd

K.E. kynnti: Í Landsþjónustunefnd sitja: H.H. (5 ár), K.E. (3 ár), G.S. (2 ár), H.S. (2 ár), I.I. (2 ár), S.F. (2 ár), H.B. (1 ár), L.V. (1 ár). Þá sitja þar E.Þ. öldungur og ei-alkarnir: Jóhannes Bergsveinsson, Sigurður Björgvinsson og Einar Sigurbjörnsson.

K.E. sagði að fólk hefði horfið allt of snemma frá störfum í nefndinni. Fyrst væri fólk kosið til eins árs, síðan tveggja ára og aftur í tvö ár. H.H. hefur setið í 5 ár, eða út þjónustutímabilið og lætur því af störfum, og G.S. vill hætta.

Kjörnefnd hefur skoðað 13 umsóknir sem bárust inn á borð til hennar og valdir voru:

B.S. (varamaður í 1 ár)

J.H. (varamaður í 1 ár)

L.V., H.B. og K.E. gáfu áfram kost á sér og sitja þau öll áfram, til tveggja ára.

Umræða:

G.Í. spurði hvort ekki væri tekið við tilnefningum úr sal. Það hefði verið samþykkt á LÞR árið 2000. K.E. leiðrétti misskilninginn.

16. Tilnefning og kosning til þjónustustarfa í Upplýsingarnefnd

Þ.Ó. kynnti: Í nefndinni sitja: Jóhannes ei-alki, I.I. og E.G.. Þrjá vantaði í nefndina og var stungið upp á G.S., M.T. og S.H.. Það var samþykkt.

17. Tilnefning og kosning til þjónustustarfa í Kjörnefnd

K.E. kynnti: Í nefndinni sitja: K.E., E.A. og Einar ei-alki frá LÞN og S.J., P.G., H.G. og K.S. Enginn má sitja lengur en fjögur ár. H.G. hefur setið í fjögur ár og því vantaði einn nefndarmann, S.J., P.G. og K.S. gáfu áfram kost á sér. S.V. gaf kost á sér og kynnti sig. Þá bættust við V.F. og E.().

Þau kynntu sig og síðan fór atkvæðagreiðsla fram á þar til gerðum kosningaseðlum.

H.H. taldi atkvæðin. Kjörseðlar voru 53, 52 voru gildir og 1 ógildur. Atkvæðin féllu þannig: V.F. (25), S.V. (43), E.(). (26), P.G. (46), S.J. (35) og K.S. (33).

Þeir sem hlutu kosningu í kjörnefnd voru því: P.G., S.V., S.J. og K.S.

18. Tilnefning og kosning til þjónustustarfa í Millipinganefnd

K.E. kynnti: Í nefndinni sitja: K.H., S.S., P.S. og B.S. auk þeirra sem LÞN hafði tilnefnt: K.S., S.F. og K.E.. S.S., P.S. og B.S. gáfu áfram kost á sér, en K.H. ekki. Þá vantaði einn nefndarmann.

Spurt var um hlutverk nefndarinnar og svaraði K.E. því til að hún ynni að þeim málum sem koma upp milli ráðstefna og er LÞN til aðstoðar; hún s.s. vinnur að því sem LÞR felur henni að vinna.

Fundarstjóri óskaði eftir uppástungum og gaf S.J. frá Keflavík kost á sér. Fleiri gáfu ekki kost á sér og var nefndin því sjálfkjörin.

19. Tilnefndir skoðunarmenn fyrir ársreikning AA-samtakanna á LÞR 2009

H.S. stakk upp á I.S. og B.S.. En B.S. mun hins vegar sitja í LÞN og var S.H. því tilnefndur í stað hans. Fundarstjóri óskaði eftir fleiri tilnefningum en þær bárust ekki. I.S. og S.H. voru kjörnir með lófaklappi.

20. Millipinganefnd leggur þjónustuhandbók undir umræðu og atkvæði

P.S. kynnti: Hann sagði að drögin að handbókinni væru búin að vera aðgengileg á heimasíðu AA-samtakanna í u.þ.b. tvær vikur. Í grunnatriðum hefði ekki margt tekið breytingum. Hann vildi benda á það sérstaklega að tillaga

hefði borist á síðustu ráðstefnu um breytingar á skipuriti (bls. 5). Þá þarfnaðist enn sumt endurskoðunar, eins og áður hefði komið fram. Síðan gaf hann orðið laust.

Umræða:

Það urðu miklar umræður um bæði Millíþinganefnd og Þjónustuhandbókina. Spurt var um hlutverk Millíþinganefndar. P.S. svaraði því til að nefndin hefði einungis átt að starfa í eitt ár en að því loknu hefði þjónusturáðstefnan tekið ákvörðun um að hún starfaði áfram. Hún hefði nú starfað í þrjú ár. M.M. sagði að þar sem Millíþinganefnd væri orðin að fastanefnd ætti hún að rata inn í handbókina, til þess að upplýsa fólk um hlutverk hennar. P.S. fannst þetta góð athugasemd. A.K. lagði til að nafninu yrði breytt úr Millíþinganefnd í Þjónustuhandbókarnefnd. P.S. áréttaði að nú væru drögin til umræðu.

Ýmsar athugasemdir voru gerðar um efni Þjónustuhandbókar og þýðingu. Spurt var hvort handbókin væri nánast bein þýðing amerísku útgáfunnar. P.S. sagði að ekki væri um beina þýðingu að ræða heldur væri ameríska útgáfan lögð til grundvallar. Einn fundarmaður sagðist hafa orðið vitni að kosningu í kjörnefnd, fyrr um daginn, og þrír hefðu ekki verið á staðnum. Honum hefði fundist verra að sjá ekki fólk og spurði hvort að einhverjar reglur ættu heima í handbókinni um að þeir sem væru í framboði ættu einnig kost á því að sitja ráðstefnuna. P.S. fannst það hugsanlegt og það væri útfærsluatriði sem þyrfti að skoða. Þá komu fram aðfinnslur um orðalag. J.P. setti út á orðalagið meðlimur og vildi skipta því út fyrir t.d. þátttakanda eða mann. H.H. var sammála og sömuleiðis setti hún út á að nota orð eins og stjórnarmaður, þar sem nefndarmenn væru í þjónustustörfum. P.S. áréttaði að handbókin væri í vinnslu og að tekið yrði tillit til þessara athugasemda.

Margir hrósuðu Þjónustuhandbókinni. V.F. sagði handbókina hafa nýst deildinni hennar vel og leyst margar deilur. A.K., S.S., E.(.), E.G. og G.Í. lögðu til að ráðstefnan samþykkti drögin sem væru síðan sífellt í endurskoðun.

B.(.) áréttaði að handbókin væri ekki fullunnin. Hún spurði hvort það væri nokkuð hægt að samþykkja hana. Annar fundarmaður tók undir með henni. P.S. óskaði eftir samþykki eða synjun á því plaggi sem nú lægi fyrir. Hann sagði að það yrðu engar efnislegar breytingar á því. Það sem væri í vinnslu væri orðalag og ákveðnir hlutar sem væru tilgreindir á forsiðu. B.(.) spurði þá hvort það þyrfti ekki að skoða hver endurskoðaði, Millíþinganefnd eða einhver annar. P.S. játti því.

L.V. fannst vert að skýra í hvað þeir peningar færu sem, samkvæmt Þjónustuhandbók, rynnu til LÞN (80%), hverfisnefndar (10%) og samstarfsnefndar (10%). Hún spurði ennfremur hvers vegna hverfisnefndir þyrftu fjármagn. P.S. sagði að það væri til þess að hittast, fjármagna húsaleigu og að sumar hverfisnefndir væru með heimasíðu. L.V. sagði að gott væri að hafa slíkar skýringar með. Þá lagði hún fram breytingatillögu um kaflann Þjónustunefnd (3.2.1), svohljóðandi:

Bls 8. 3.2.1. Þjónustunefnd er að jafnaði skipuð 3 eða fleiri AA-félögum, allt eftir stærð viðkomandi deilda. Þjónustunefnd leysir af hendi hin ýmsu störf innan deildarinnar. Æskilegt er að helstu nefndarmenn svo sem: ábyrgðarmaður og/eða deildarfulltrúi, gjaldkeri og ritari hafi a.m.k. 2ja ára samfellda edrúmennsku.

L.V. sagði að með þessu móti yrði sú breyting á næstsíðustu málsgrein í kaflanum um deildarfulltrúa (3.2.2.2) að fyrri hluti hennar félli niður, ss.: „Æskilegt er að kjörgengir sem deildarfulltrúar séu þeir AA-félagar sem hafa a.m.k. 2 ára samfellda edrúmennsku.“ Í stað hennar kæmi: „Æskilegt er að deildarfulltrúar hafi verið virkir í starfi fyrir deildina og/eða AA-samtökin.“

P.S. áréttaði að það þyrfti að taka afstöðu til handbókarinnar eins og hún liti út núna. Nefndin tæki afstöðu til tillögunnar þegar hún hittist næst. Spurt var hvernig ætti að vinna að endurbótum og hvar slík vinna ætti að fara fram. K.E. sagði að öllum tillögum, sem kæmu hér fram, væri vísað til LÞN nema þeim væri vísað beint til Millíþinganefndar.

L.V. sagði þarft að handbókin kæmist í umferð, ekki bara á netinu heldur einnig í prentuðu formi. Hugtökin væru þó ruglingsleg og vert væri að geyma þau. H.H. ítrekaði að óskað hefði verið eftir sendum fyrirspurnum vegna Þjónustuhandbókar fyrir nokkru síðan og tók Jóhannes undir með henni. Þá minnti P.S. á að drögin hefðu verið send til allra starfandi deilda á landinu.

Fundarstjóri lagði til að drögin að Þjónustuhandbókinni, eins og þau lægju fyrir, yrðu samþykkt með handauppréttingu. Þau voru samþykkt af fundarmönnum með yfirgnæfandi meirihluta. Þá bar hann viðbótartillögu L.V. um breyttan edrútima undir fundinn. Það varð úr að vísa tillögunni til Millíþinganefndar. Það var samþykkt af fundarmönnum.

21. Hvað er þér efst í huga? – frjáls umræða fram að hádegismat

K.E. sagði frá afmælisnefnd, sem starfaði fyrir afmælisfund AA-samtakanna. Nefndin var skipuð fimm einstaklingum og fékk hver og einn með sér liðsauka svo að hún taldi um 30 manns. Þar að auki kom fleira fólk að skipulagningu, t.d. sáu u.þ.b. 40 manns um að safna peningum. Þegar upp var staðið komu um 100 manns að afmælisfundinum. K.E. sagði þetta vera til marks um hversu vel okkur gengi að starfa saman þegar við virkjum þennan mátt sem er í okkur.

Nokkur umræða varð um greiðslur AA-deilda til LÞN. Gagnrýni barst úr sal um hversu fáar deildir greiði til AA-samtakanna. Þá kom athugasemd um að allmargar deildir borguðu í SAAS og það kæmi hvergi fram. G.Í. sagði að

allmargar deildir gæfu AA-bækur og annað efni og að það kæmi ekki heldur fram. H.H. starfsmaður benti á rekstur skrifstofunnar og sagði að ef þær 10-15 deildir sem borguðu mest til samtakanna myndu hætta því yrði ekki mikið eftir. Það væru aðallega gamlar kirkjudeildir. Þá fóru fram umræður um mismunandi kjör alkóhólista og sýndist sitt hverjum.

L.V. vildi víkja umræðunni að þeim hætti sem hafður væri á þegar um tilnefningar, kosningar, og samþykktir væri að ræða. Þegar hún mætti á LÞR í fyrsta skipti í fyrra hefði henni sjálfri fundist þessi skipan mála óljós og ólýðræðisleg. Það væru þó á þessu skýringar, eins og kæmi fram í Þjónustuhandbókinni. Engu að síður mætti þetta fyrirkomulag vera bæði betra og skýrara. Hún benti á að ráðstefnan mætti hafna tilnefningu kjörnefndar og þá þyrfti kjörnefnd að setjast aftur niður og tilnefna aðra. Henni fundist strax til bóta ef að kynningar og tilnefningar væru fyrri part dagsins og kosning færi fram seinni partinn, þannig að við hefðum tíma fyrir umræður þar um. Hún sagðist ekki hafa átt því að venjast að málin væru afgreidd í svona miklu fljótræði. L.V. fannst tími fyrir umræður vera aðalmálið á ráðstefnunni. Þá vildi hún hvetja konur til að gefa kost á sér í LÞN. Ennfremur mæltist hún til þess að sömu fulltrúar mættu oftast en einu sinni á ráðstefnu til þess að átta sig betur á gangi mála. Þá yrði starfið einnig miklu virkara á ráðstefnunni sjálfri. H.H. sagði frá því að gögn hefðu verið send út til fulltrúa ráðstefnunnar til þess að reyna að fá þá til að lesa sér til um það sem væri á dagskrá.

J.Þ. gerði athugasemd við langa dagskrá ráðstefnunnar. Hana mætti stytta um helming. Hópanefndir gætu einfaldlega starfað fyrir utan þennan tíma. Þá væri Internetið afskaplega gagnlegt. Ástæðulaust að lesa upp hluti hér sem væri hægt að lesa um á netinu. Hann taldi að manneskjan stæði sig best í tímahraki.

G.B. gerði athugasemd um að henni fundist erfitt að kjósa einhverja sem hún sæi ekki og þekkti engin deili á. Þá kom fram sú tillaga um að kosning færi fram á ráðstefnunni og að fulltrúar hennar fengju að velja hverjir væru í LÞN en ekki einhver kjörnefnd. Viðkomandi vildi fá eitthvað um það að segja sem kjörinn fulltrúi AA-samtakanna. Fundarstjóri áréttaði að það væru deildirnar sem tilnefndu menn og að kjörnefnd þyrfti að leggja yfir upplýsingar um þá, edrúttíma o.fl.

H.H. sagði að ef við gæfum okkur það að 304 deildir tilnefndu einstaklinga þá væru 304 menn hér. Þess vegna veldum við fjóra menn í kjörnefnd, sem að LÞR treystir, til að velja úr þessu fólki sem deildirnar tilnefndu. Hún áréttaði mikilvægi þess að koma oftast en einu sinni á þessa ráðstefnu; fyrst væri fólk að læra og næst gæti það verið meira með.

Matarhlé.

LÞN heldur sinn fyrsta fund og skipar með sér störfum.

22. Hópastarf

Hóparnir unnu að eftirfarandi umræðuefnum:

Hópur 1: "Þjónustuhugtökin 12"

- Hópurinn les yfir, í drögum að þjónustuhandbók, vinnuþýðingu millipínganefndar á þjónustuhugtökunum, og veltir fyrir sér;
- Af hvaða rót er líklegt að þörf fyrir þjónustuhugtök hafi sprottið upphaflega og hvaða hlutverki gegna þau í starfi AA-samtakanna?
- Hvernig eiga þjónustuhugtökin heima í íslensku umhverfi AA-samtakanna? Eiga þau að öllu leyti við aðstæður og hefðir á Íslandi?
- Hvernig komum við vitneskju um þjónustuhugtökin til AA félaga?

Hópur 2: "Sameiginleg velferð"

- Hvernig stuðlar landsþjónusturáðstefnan best að sameiginlegri velferð AA-samtakanna?
- Hvernig getur AA-deildin stuðlað sem best að sameiginlegri velferð AA?
- Hvernig get ég sem einstaklingur stuðlað að sameiginlegri velferð AA?
- Hvernig getur skrifstofan stuðlað sem best að sameiginlegri velferð AA-samtakanna?
- Hvernig stuðlum við sem samtök í heild að velferð fámennra deilda út á landi?

Hópur 3: "Hver er fjárhagsleg ábyrgð deildanna"

- Hvernig stuðlar það að sameiginlegri velferð að deildir greiði hluta eða rest af potti til Landsþjónustustarfs eða til annarra nefndastarfa svo sem hverfis- og svæðisnefnda? Hver er munurinn á þessum nefndum og Landsþjónustunefndarstarfi, rekstrarlega?
- Hvert er frelsi hverrar deildar til að stjórna eigin fjármálum?
- Hvernig er hægt að auka skilning út í deildir um að það þarf peninga til að reka AA-samtökin sem landssamtök og að þeir peningar verði að koma frá okkur sjálfum?
- Er núverandi fyrirkomulag nógu skýrt eða veldur það ruglingi og sundrunu?

Hópur 4: "AA og netið"

- a) Hvers vegna ætti vefsíða AA-samtakanna einungis að vera um formlegt starf landssamtakanna í gegnum skrifstofu AA og landsþjónustunefnd?
- b) Rjúfum við nafnleynd með því að leyfa einstaklingum eða deildum að setja tilkynningar eða efni á vefsíðu AA samtakanna á Íslandi?
- c) Hvaða leið geta deildir og einstaklingar farið til að kynna starf sem ekki er á vegum landsþjónustu (t.d. ráðstefnur eða speakera)?
- d) Hvers vegna er æskilegt að utanaðkomandi aðilar séu ekki með tengla / tilvísanir á vefsíðuna aa.is, né utanaðkomandi tenglar inni á aa.is ?

Hópur 5: Málefna- og dagskrárnefnd fyrir ráðstefnuna 2009.

Í þessum hóp eru valin málefni til hópavinnu í þá fjóra hópa sem taka fyrir ný efni á hverri ráðstefnu, nú fyrir næstu ráðstefnu sem haldin verður 2009, og það sett upp.

Þessi hópur starfar lengur en ráðstefnan ef þörf krefur og kemur saman til að ljúka við verkið fyrir ágústlok. Oddamaður hópsins kemur aftur á ráðstefnuna 2009.

Hópur 6 er upplýsingarnefnd LÞN.

Þar kemur upplýsingarnefnd saman á sinn fyrsta fund á árinu og vinnur að sínu hlutverki. Þrír nýjir eru kosnir inn í upplýsingarnefnd á landsþjónusturáðstefnunni í ár og starfar hún á sínu starfssviði allt árið á milli ráðstefnanna.

Kaffihlé

24. Umræðuhópar ljúka við að skrifa upp álit

23. Sporin lesin

E.J. las sporin.

25. Álit umræðuhópa lesin upp og rædd

Hópur 1 – „Þjónustuhugtökin 12“

P.S. gerði grein fyrir niðurstöðum:

Hópurinn las yfir, í drögum að þjónustuhandbók, vinnuþýðingu millipinganefndar á þjónustuhugtökunum, og velti fyrir sér: af hvaða rót er líklegt að þörf fyrir þjónustuhugtökin hafi sprottið upphaflega og hvaða hlutverki gegna þau í starfi AA?

- Hugtökin útskýra sjálf afhverju þörf er fyrir þau! Rótin að hugtökunum er reynsla fyrrum AA félaga: mistök, reynsla og lærdómur þeirra. Vísun í þríhyrninginn; Eining, Þjónusta, Bati (Arfleifðirnar þrjár: erfðavenjur, hugtök, reynsluspor). Hlutverk þeirra er að vera vinnureglur um hvernig samskipti eiga að vera milli þjónustustiga í uppbyggingu AA samtakanna.

Hvernig eiga þjónustuhugtökin heima í íslensku umhverfi AA samtakanna? Eiga þau að öllu leyti við aðstæður og hefðir á Íslandi?

- Þau eiga heima sem vinnureglur á milli þjónustustiga í uppbyggingu AA samtakanna. Íslensku AA samtökin eru hluti af stærri heild. Hugtökin eru til þess að fjarlægja okkur ekki hinum upphaflega tilgangi AA samtakanna.

Hvernig komum við vitneskju um þjónustuhugtökin til AA félaga?

- Með því að senda út þjónustuhandbók til allra deilda.

Hugmynd: Kynna handbókina fyrir öllum svæðis- og hverfisnefndum á landinu.

Hugmynd: Þýða hugtakabækling í samráði við millipinganefnd sem vinnur að þýðingu eins og er.

Umræða:

H.H. starfsmaður sagðist hafa lesið hugtakabæklinginn og lært margt nýtt af honum. Hún vildi taka undir tillögu hópsins um að láta þýða hann, og vildi beina því til útgáfunnar. Spurt var hvort þær tillögur sem hér kæmu fram færu inn á borð LÞN. K.E. svaraði því til að LÞN bæri að vinna að þeim samþykktum sem hér kæmu fram og koma þeim í réttan farveg.

Hópur 2 - „Sameiginleg velferð“

G.O. gerði grein fyrir niðurstöðum:

Til að byrja með ákváðum við að skilgreina fyrir okkur hvað fælist í orðunum „sameiginleg velferð“. Að okkar mati felst sameiginleg velferð í því að eining samtakanna snúist um að vera sammála um boðskap og bataleiðir samtakanna.

Hvernig stuðlar landsþjónusturáðstefnan best að sameiginlegri velferð AA-samtakanna?

- Með útgáfu AA efnis, í bókum og bæklingum. Fundarmenn fari í sínar deildir eftir ráðstefnuna og segi frá því sem fram fór.

Hvernig getur AA-deildin stuðlað sem best að sameiginlegri velferð AA?

- Með því að borga til landsþjónustu og svæðisnefnda, þar sem því er við komið. Með því að senda fulltrúa á landsþjónusturáðstefnuna og taka virkan þátt í sameiginlegum viðburðum, svo sem afmælisfund samtakanna, svæðisfundum og öðru slíku. Halda reglulega samviskufundi.

Hvernig get ég sem einstaklingur stuðlað að sameiginlegri velferð AA?

- Vera tilbúinn til að taka þátt í þjónustu við deildir, hvort sem það er í kaffiþjónustu eða önnur embætti. Setja í pottinn eftir því sem efni leyfa. Virða samvisku annara deilda – bera virðingu fyrir fundarformi annara deilda. Vera tilbúinn til að taka þátt í tólfta spori.

Hvernig getur skrifstofan stuðlað sem best að sameiginlegri velferð AA-samtakanna?

- Með því að gefa fundarskrá og helstu bæklinga til þeirra sem þess þurfa. Taka á móti nýliðanum eins og hann sé besti kúnninn. Í raun á þetta við um deildir og einstaklinga líka, að nýliðinn er mikilvægastur.

Hvernig stuðlum við sem samtök í heild að velferð fámennra deilda út á landi?

- Með því að heimsækja þær, ný andlit og nýjar sögur koma með ferskan blæ.

Umræða:

Það var ítrekað úr sal að fólk kæmi í heimsókn til fámennra deilda úti á landi.

H.H. starfsmaður sagði skrifstofuna gefa nýliðum þrjá bæklinga og auk þess væru gefnar fundaskrár.

Hópur 3 - „Hver er fjárhagsleg ábyrgð deildanna“

I.I. gerði grein fyrir niðurstöðum:

Hvernig stuðlar það að sameiginlegri velferð að deildir greiði hluta eða rest af potti til Landsþjónustustarfs eða til annarra nefndarstarfa svo sem hverfis- og svæðisnefnda? Hver er munurinn á þessum nefndum og Landsþjónustunefndarstarfi, rekstrarlega?

- Ef við ætlum að lifa skiptir öllu að eining haldist innan samtakanna. Til að deild sé hluti af heildinni er mikilvægt að leggja fé af mörkum til að styrkja heildarstarfið svo standa megi vörð um þá hugmyndafræði sem AA samtökin fylgja t.d. erfðavenjur, bera út boðskap AA og hjálpa öðrum. Nefndin fagnar útkomu þjónustuhandbókar þar sem fram kemur munur á rekstri einstaka nefnda og ráða. Það gefur auga leið, að rekstur skrifstofu er umtalsverður og því ber að styðja við bakið á þeirri starfsemi. Stefnan er að eiga fyrir árs rekstrarkostnaði og styðja veikar deildir erlendis. Síðastliðin tvö ár hefur fjárhagsstaða ekki leyft að styrkja starfsemi erlendis og nú er til nægilegt fé til rekstrar skrifstofu í 10 mánuði.

Hvert er frelsi hvernar deildar til að stjórna eigin fjármálum?

- Mælt er til að hver deild spyrji hvort hún vilji vera hluti af heildarstarfinu og leggi sitt að mörkum til að svo megi vera. Hver deild ætti þannig að gera fjárhagsáætlun sem er sniðin að eigin þörfum og fjárhagsstöðu. Þegar greiddur hefur verið kostnaður vegna fundar (kaffi-húsaleiga-bækur-fundarskrár-bæklingar) er það á valdi samvisku deildarinnar hvernig afgangnum er skipt, svo framarlega sem það sé í þjónustu AA. Komið hafa upp álitamál eins og þegar deildir hafa keypt uppþvottavél eða kaffivél sem ætti ef til vill að koma í hlut leigusala. Í slíkum tilvikum gæti farið fram sérstök söfnun til fjármögnunar.

Hvernig er hægt að auka skilning út í deildir um að það þarf peninga til að reka AA- samtökin sem landssamtök og að þeir peningar verði að koma frá okkur sjálfum?

- Auka mætti skilning deilda á heildarstarfinu með því að gera nefndir og ráð innan AA sýnilegri. Ráð væri að senda með reglubundnum hætti bréf út í deildir það sem tíundað væri það starf sem viðkomandi nefnd innir af hendi. Skrifstofan sendir út bréf þar sem gerð er grein fyrir starfinu og fjárþörf. Neyðarsíminn sendir út bréf og gerir grein fyrir starfinu og fjárþörf. Landsþjónustunefnd sendir bréf til deilda, gerir grein fyrir sínu starfi og fjárþörf og sama gildir um aðrar nefndir. Á þennan hátt ætti heildarstarfið að verða sýnilegra. Eins er ráð að nýta internetið til að koma sömu upplýsingum á framfæri. Í staðinn fyrir að senda bréf mætti koma framangreindum upplýsingum á framfæri á heimasíðu aa.is. Hópurinn vill koma þeim tilmælum á framfæri að ráð og nefndir velji þá leið sem þeir telja best henta sinni starfsemi.

Hópurinn hvetur þá sem hér eru að koma þeim skilaboðum til deilda að til að halda heildarstarfinu gangandi þarf peninga. Allt gagnsæi er af hinu góða og styrkir starfsemi. Hópurinn hvetur deildir til að kjósa deildarfulltrúa sem er þá tengiliður milli deildarmeðlima og nefnda og ráða innan AA. Hópurinn hvetur Landsþjónustunefnd til að

virka starfið í hverfis- og svæðisnefndum til að auka upplýsingaflæði út í deildir. Hópurinn leggur til að bæklingurinn "Self Support: where money and spirituality mix" verði þýddur, gefinn út og dreift ókeypis.

Er núverandi fyrirkomulag nægilega skýrt?

- Við teljum að svo sé ekki, sbr. ofangreint.

Umræða:

A.K. spurði hvort neyðarsíminn sendi út bréf. I.I. svaraði því til að ef það vantaði t.d. einhvern til þess að sjá um símann þá gæti hann sent út bréf til allra deilda. Markmiðið væri að gera þá starfsemi sem er innan AA sýnilegri. H.H. sagði að það kostaði að senda út bréf. Hún lagði því til að heimasíðan yrði notuð þó svo að það færu ekki allir inn á netið.

Því var beint til LÞN að virka svæðisnefndir en það væri ekki einfalt eins og hefði sýnt sig á Austurlandi en þar hefði það ekki gengið þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Spurt var hvort það væri stigs- eða eðlismunur á því að kaupa uppþvottavél og húsnæði. Viðkomandi velti því fyrir sér hvað væri hægt að kaupa og hvort það kæmi jafnvel næst að bílakaupum. I.I. sagði þann fórnarkostnað fylgja að vera í AA að keyra nýliða á fund. Hvað uppþvottavél snerti þá dræpi hún óværu sem hugsanlega fylgdi fólki.

P.S. spurði hvað væri ekki nægilega skýrt í sambandi við núverandi fyrirkomulag; hvort það væri fjármagnið eða til hvers það væri notað. I.I. sagði vanta tengingu milli hins almenna félagsmanns og þeirra sem væru í okkar þjónustu. P.S. áréttaði spurninguna.

V.F. spurði hvert samviska deildar ætti að snúa sér ef það kæmi t.d. upp rígur um hver ætti að þrifa gardínur. Svar barst úr sal um að slíkt hefði komið inn á borð hverfisnefndar og þar væri það rætt. V.F. sagði að í þessu tilfelli væri hverfisnefndin í raun samviskan. I.I. sagði að það væri m.a. af þessum sökum sem það væri svo mikilvægt að við hittumst hérna og lærðum hvert af öðru. H.H. starfsmaður sagði að það væri hægt að hringja á skrifstofuna og fá þær almennu upplýsingar sem lægju fyrir og sömuleiðis mætti beina formlegu erindi til LÞN. L.V. benti á að þjónustuhandbókin gæti svarað mörgum spurningum og þar væri þá hægt að fletta upp hvernig hefðirnar hefðu skapast. Sömuleiðis gæti fólk séð í hvað peningarnir færu, sem rynnu til LÞN. Því myndist henni vert að bæta við upplýsingum þar um. Hún taldi þarft að kaupa kaffivélar og jafnvel uppþvottavélar þar sem væru margir fundir. Þetta væri á herðum húsnefndar en þegar upp væri staðið borguðum við. Svo væri spurning hvað teldist vera innan eðlilegra marka. I.I. benti aftur á bæklinginn sem hann vildi sjá þýddan, hann geymir ýmsar tillögur. K.E. fjallaði um þann mun sem er á nefndunum. Í LÞN væri hefð að eiga fyrir ársrekstri. Í hverfis- og svæðisnefndum og deildum almennt væri hefð að eiga fyrir þriggja mánaða rekstri.

P.S. sagði þjónustuhandbókina skýra þetta fyrirkomulag.

Hópur 4 – „AA og netið“

Ó.H. gerði grein fyrir niðurstöðum:

Hvers vegna ætti vefsíða AA-samtakanna einungis að vera um formlegt starf landssamtakanna í gegnum skrifstofu AA og landsþjónustunefnd?

- Heimasíðan ætti að vera með svipuðu sniði og nú er. Þannig, að þar ættu að vera aðgengilegar upplýsingar um eftirfarandi: Grunn-upplýsingar um samtökin. Neyðarhjálp. Fundarskrá innlend og erlend. Nýliðahjálp. Aðgengi að fræðsluefni og öðru samþykktu efni t.d. bæklingum. Ath 8 og 9 erfðavenju. Um leið og farið væri að opna fyrir tilkynningar um sérstaka viðburði koma upp álitamál varðandi mörk og viðmiðanir, þá þyrfti að koma á legg "ritskoðunarnefnd".

Rjúfum við nafnleynd með því að leyfa einstaklingum eða deildum að setja tilkynningar eða efni á vefsíðu AA samtakanna á Íslandi?

- Inni á vefsíðunni ætti ekkert efni að vera sem aðrir geta breytt. Möguleikinn á nafnleyndarbroti er hreinlega af mikill. Tilhneiging til upphéðar of mikil og myndi krefjast ritskoðunar.

Hvaða leið geta deildir og einstaklingar farið til að kynna starf sem ekki er á vegum landsþjónustu (t.d. ráðstefnur eða speakera)?

- Samkvæmt AA service manual (þjónustuhandbók) má nota hvaða fjölmiðil sem er að uppfylltum erfðavenjum, þ.e. nafnleyndar skyldum við ætíð gæta á vettvangi fjölmiðla.

Hvers vegna er æskilegt að utanaðkomandi aðilar séu ekki með tengla / tilvísanir á vefsíðuna aa.is, né utanaðkomandi tenglar inni á aa.is

- Með tilvísun í erfðavenjur 4, 6, 10, 11 og 12 ættum við ekki að skipta okkur af því hvað aðrir gera. Samkvæmt 6. erfðavenju getum við ekki leyft okkur að setja tengla á síður annarra inn á aa.is.

Umræða:

Spurt var hvort æskilegt væri að setja tengla inn á vefsíður sem vísuðu á aa.is, hvort vert væri að setja vinsamleg tilmæli á heimasíðuna okkar um að gera það ekki og jafnvel að setja okkur þá reglu að við óskuðum ekki eftir því en skiptum okkur ekki beinlínis af því. Ó.H. svaraði því til að hann teldi ekki æskilegt að vísa á aa.is, þetta væri þó vandmeðfarið og best væri að láta erfðavenjurnar ráða. H.H. starfsmanni fannst þörf á því að gefa til kynna með einhverjum hætti að við kysum ekki að það væri gert en bönnuðum það að sjálfsgöðu ekki. Þá var spurt hvort að öðru máli gegndi um hverfasamtök og aðrar deildir sem væru með heimasíðu, t.d. SAAS. Ó.H. áréttaði að það væri í lagi svo fremi sem við brytum ekki gegn erfðavenjum AA-samtakanna og að um samþykkt efni væri að ræða. A.K. spurði hvort það bryti í bága við erfðavenju að vera með tengil á ja.is sem vísaði á aa.is. Ó.H. sagði að það hefði ekki verið tekin afstaða til allra stofnana, þetta væri vandrötuð leið og við þyrfum að fylgja erfðavenjum. A.K. sagðist vera með heimasíðu sem hefði að geyma tengla á aa.is, na.is o.fl. Ó.H. áréttaði að við gætum ekki og ættum ekki að skipta okkur af því.

Spurt var hvort t.d. fréttir um þessa ráðstefnu ættu heima á aa.is. Ó.H. sagði að ef ráðstefnan flokkaðist undir formlegt starf AA-landssamtakanna þá væri ekkert athugavert við að kynna hana á heimasíðunni. Hins vegar ætti ekki við að auglýsa erlenda speakera, eða þess háttar. Í þjónustuhandbók kæmi fram að við getum notað hvaða annan fjölmiðil sem er, t.d. Dagskrána.

Spurt var hvort heimilt væri að afrita efni af AA-síðunni og senda einstaklingum á heimeildarlista, sem og umsagnir hópanna til þessara sömu einstaklinga. Ó.H. svaraði því til að hópurinn hefði ekki tekið afstöðu til þessarar spurningar.

Athugasemd kom fram um að búið væri að fjalla um þessi mál í tvö ár. Sú hugmynd hefði t.d. komið upp að endurvekja Hálmstráíð. Til að halda gagnsæi þyrfum við að setja t.d. fundargerðir nefndanna á netið. Ó.H. minnti á að okkur væri heimilt að ráða launað starfsfólk og svo væri okkur gert það ljóst að það fólk sem við hefðum valið væru þjónar okkar. Þessu fólk treystum við til að stjórna því sem færi inn á síðuna.

Hópur 5 – Málefna- og dagskrárnefnd fyrir ráðstefnuna 2009

M.M. gerði grein fyrir niðurstöðum:

Yfirskrift landsþjónusturáðstefnu 2009 verði

„Nafnlaus en ekki ósýnileg“

Umræðuefni í hópum:

Hópur 1: „Hver eru mörk aðlöðunar og áróðurs?“

Hópur 2: „Er AA fyrir alla á Íslandi?“

Hópur 3: „Sporin sem grundvöllur að AA“

Hópur 4: „Tilgangur landsþjónusturáðstefnu“

Undirspurningum vinnur hópurinn að í sumar og skilar í haust. Hópar 5 og 6 hafa sitt fasta hlutverk svo sem alltaf er. Hópurinn valdi M.M. sem næsta oddamann 5. hóps.

Umræða:

P.S. spurði út í viðfangsefni 2. hóps og áréttaði að AA væri fyrir alla þá sem hefðu löngun til að hætta að drekka. Hann spurði hvernig bæri að skilja þessa yfirlýsingu. M.M. sagði spurninguna lúta að fjölmenningu og hvort við værum að mæta henni: Leggja deildir áherslu á einhver sérstök trúarbrögð? Tökum við vel á móti öllum? O.s.frv. Ó.H. spurði hvort það væri ástæða til að halda inni spurningunni um Internetið. M.M. sagði að umræðuefnið væri mjög spennandi en hópurinn hefði ákveðið að hvíla það aðeins. L.V. sagði að netumræðan gæti heyrt undir efni 1. hóps og játti M.M. því. A.K. spurði hvort að ekki væri ástæða til að vera með hóp um störf Millipínganefndar. M.M. sagði umræðu um nefndina geta heyrt undir 4. hóp. L.V. spurði þá hvort að Millipínganefnd og Þjónustuhandbók yrðu rædd í 4. hópi. M.M. svaraði því til að einhvers staðar þyrfti að byrja. Það væri spennandi að sjá hvað kæmi út úr spurningum á borð við: Hvernig upplifa nýliðar ráðstefnuna? Er þetta aðalfundur samtakanna?

L.V. benti á að þetta væru stórar spurningar og hún spurði hvort að það væri ráð að lengja ráðstefnuna. M.M. sagði að hugsa mætti sér að lengja hana eða stytta.

26. önnur mál

Mikil umræða varð um AA-útgáfuna, fundarsköp og leigu á Laugardalshöllinni. S.M. sagðist vera í hverfisnefnd og að honum hefði verið falíð að hafa samband við útgáfunefnd. Hann hafði samband við skrifstofu. Þar var tekið á móti erindinu og sagt að það yrði sent áfram til útgáfunefndar og hún myndi svara teldi hún þess þurfa. Hann sendi fyrirspurnina í febrúar eða mars og sagðist ekkert svar hafa fengið. Fyrirspurnin sneri að vangaveltum hverfisnefndar um þýðingu á ákveðnum bæklingum. Hún vildi kanna hvort útgáfunefnd hefði í hyggju að þýða þá. K.E. sagði útgáfunefndina vera undirnefnd LÞN og því mætti senda slíkar fyrirspurnir beint til LÞN. Best væri að fá tölvupóst á netfangið aa.is en stíla hann á LÞN. Hann taldi að um einhvern misskilning væri að ræða. S.S. sagði útgáfunefndina ekki sinna þeim störfum sem við vildum að hún sinnti. Hann sagðist ekki hafa hitt neinn sem væri ánægður með störf hennar, sama hvar boríð væri niður. Hún starfaði ekki í okkar þágu, eins og hún gæti gert. S.S. kom með tillögu sem hann vildi leggja fyrir til ályktunar, svohljóðandi:

„Í þeirri umleitun að sjá útgáfu á AA-tengdu efni eflda á Íslandi mælist 29. Þjónusturáðstefnan til þess að LÞN íhugi þann möguleika að skipa nýja útgáfufund.“

G.Í. vildi vita hvað fyrrnefnd góð kjör á Laugardalshöllinni væru í krónum talið. Þá bar hann fram tillögu um að kjörnefnd veldi ríflega tvöfaldan fjölda þeirra sem á að kjósa í LÞN svo að fleiri yrðu í framboði en E.G. á LÞR. Fundarstjóri óskaði eftir skriflegri tillögu frá honum.

A.K. gerði athugasemd um fundarstjórn og vildi að við kláruðum hvert mál fyrir sig. Hann sagðist ekki viss um að það breytti nokkru að skipta út einni útgáfufund fyrir aðra. Hins vegar þyrfti að fjölga í nefndinni, það væru of mörg verkefni á þeirra könnu. Þá væri mikið mál að endurskoða þessi útgáfumál hérna á ráðstefnunni og við ættum að hætta að velta alltaf ábyrgðinni á LÞN. Við gætum þess í stað myndað nefndir þar sem raunhæfir kostir væru lagðir fram. G.(.) sagðist vera sáttur við útgáfuna. K.E. sagði það gagnlegt að fá þessa umræðu um útgáfuna. Vert væri að skoða hluti ef okkur myndi eitthvað athugavert við þá.

Ó.H. gerði athugasemd við fundarskóp. Hann minnti á að skrifleg tillaga hefði borist fundinum. Hann sagðist vilja leggja fram tillögu, sem sneri að fundarsköpum og ætti erindi í Þjónustuhandbók, um það hvernig fundarmenn ættu að bera sig að ef þeir vildu fá einhverju framgengt. Hann taldi að reglur þyrftu að vera skýrar. Fundarstjóri sagði að ályktanir þyrftu að vera skriflegar og þegar menn hefðu tjáð sig um hverja og eina væru þær bornar upp til atkvæða. Ó.H. fann að því að tillaga S.S. hefði ekki verið rædd og áréttaði að ef reglur lægju fyrir þá gætu allir gengið að þeim vísam. S.S. tók undir gagnrýni á fundarsköpin. Hann vildi fá umræðu um tillöguna. Hann taldi að óánægjan með útgáfufundina hefði ekki aðeins að gera með vinnuálagið. T.d. hefði vasabrotsútgáfan verið samþykkt á síðustu ráðstefnu. Þetta væri ekki spurning um mikla vinnu heldur vantaði þjónustulund og kraft. L.V. spurði hvort að Hugleiðing dagsins væri í endurprentun og S.S. svaraði því til að um nýja þýðingu væri að ræða.

Fundarstjóri sagði tvær ályktanir liggja frammi og vera til umræðu. M.M. sagðist eiga því að venjast að rætt væri um hverja tillögu fyrir sig og að síðan væru greidd atkvæði. Hann minnti að hann hefði flutt formlega tillöguna á síðustu ráðstefnu um vasabrotið. Hann sagði að LÞN þyrfti að taka afstöðu til tillögunnar og koma henni áfram. Þá sagðist M.M. ekki skilja fundarformið, strúktúrinn og ákvarðanaboðleiðina. Þetta væri verðugt umræðuefni fyrir næstu ráðstefnu. H.H. sagðist ekki hafa gert formlega beiðni til útgáfufundar þegar hún gerði skýrslu LÞN. S.S. spurði hvort að LÞN réði hvað útgáfufund gæfi út. H.H. sagðist ekki þekkja þetta vel. Einhver misskilningur hefði átt sér stað.

L.V. tók undir það sem áður hafði komið fram um fundarsköpin. Hún gerði það að tillögu sinni að 4. hópur fjallaði um umgjörð ráðstefnunnar á næstu ráðstefnu. Á síðustu ráðstefnu fannst henni almennum umræðum gefinn minnstur tími, og þegar allir væru orðnir þreyttir, en þær væru hins vegar merkilegasti hluti ráðstefnunnar. Hún lagði til að umræðuefnin lægju fyrir í tíma svo að fólk gæti valið sitt hugðarefni. Þá sagðist hún ekki vita hvað hefði orðið um tillögu um að fundaskráin verði ókeypis öllum AA-félögum. L.V. sagði frá að settur hefði verið á fót hópur til að þarfagreina hvað skrifstofan eigi að sjá um, 60-70 prósent af verkefnum hennar væru fyrir AA-útgáfuna. LÞN hefði farið fram á að AA-útgáfan borgaði meira til LÞN en þá hefði einhver kergja hlaupið í þá. Þá lagði L.V. til að stofnaður yrði sérstakur starfshópur um útgáfuna. Hún sagðist ennfremur vera talsmaður þess að lengja ráðstefnuna í tvo daga. Hún sagði að knappur tími kæmi í veg fyrir uppbyggilegar umræður. E.(.) tók undir með L.V. og lagði fram tillögu um ókeypis fundaskrár. H.S. fannst nær að deildir keyptu fundaskrár á ódýru verði og gæfu síðan. Honum fannst það vera tvíeggja að AA-útgáfan gefi fundaskrárnar.

I.I. sagði að búið væri að samþykkja að skrifstofan færi bókhald AA-útgáfunnar. Hann sagði að honum hefði fundist að hann, sem Landsþjónustunefndarmaður, ynni undir útgáfunni en ekki öfugt. Það væri hins vegar LÞR sem réði og tæki ákvörðun um verkefni útgáfunnar. Þá væri talað um birgðir í reikningi en engin talning hefði farið fram um áramót. I.I. fannst ennfremur að mikill tími skrifstofumanns færi í verkefni fyrir útgáfufundina. Hann sagðist vera að mörgu leyti sammála tillögu S.S. en honum fyndist vert að mýkja hana aðeins. A.(.) fjallaði um tillögu S.S. og gagnrýndi það alræðisvald sem útgáfufundin hefði tekið sér; hún væri ekki starfi sínu vaxin. Ó.H. spurði hvort að LÞN hefði beðið um útgáfu á bókinni AA-samtökin slíta barnsskónum. H.H. starfsmaður svaraði því til að útgáfufundin væri ævinlega mjög sjálfstæð í sínum störfum. Upphaflega hefði verið litið svo á að útgáfan væri mikið til sjálfráð, því að þannig hefði verið til hennar stofnað, og það hafi fylgt henni. Þá sagði hún að líklega færi um helmingur vinnuframlagsins á skrifstofunni í útgáfufund.

K.E. hafði um fyrirspurn G.Í. um Laugardalshöllina að segja að það þyrfti fróðari mann til að upplýsa um krónutöluna. Það væri ekkert leyndarmál að gjaldið hefði verið óverulegt. Það hefði hlotist kostnaður af fundinum og þ.á.m. væri húsaleigan. Hann ítrekaði að ekkert væri óeðlilegt við að AA-samtökin leigðu á ódýrara gjaldi en gerist og gengur. G.Í. spurði hvort hann gæti fengið sundurliðun á reikningum, upplýsingar um hvað kaffið kostaði, höllin o.s.frv., þar sem gagnsæi væri svo mikilvægt. Það kæmi í veg fyrir að kjaftasögur færu af stað. Þá spurði hann hvað heyrði undir ýmsan kostnað. H.S. sagði að reksturinn á afmælisfundinum hefði verið lágur. Þá sagðist hann vonast til að finna engan reikning fyrir höllinni og sagði það ekki sjálfgefið. H.S. bauðst til að sýna G.Í. sundurliðunina. K.E. sagði fulltrúa LÞN bera ábyrgð á reikningnum og þurfa að standa undir honum. Þá sagðist hann ekki vita hvernig hægt væri að halda afmælisfund ef ekki fengist niðurgreiðsla. Ó.H. sagðist hafa heyrt alls

konar tröllasögur um LPR og nú gæti hann farið með sína sýn á ráðstefnuna. Það væri ákaflega mikilvægt. Hann hefði orðið var við að það væri ekki greitt til LPR vegna kjaftasagna. Þetta kerfi væri hins vegar byggt á góðum grunni og það virkaði.

E.() gagnrýndi að fulltrúar ráðstefnunnar hefðu ekki vald til að velja sjálfir í LPR og A.(). fann að kosningunni í kjörnefnd. Hann sagðist ekki þekkja neinn þar, nema þá nýjustu, og kallaði þetta fyrirkomulag rússneskar kosningar sem ættu ekki við hjá okkur. H.H. sagði að ráðstefnan veldi fjóra í kjörnefnd og LPR þrjá. Hún mælti með að við treystum LPR. G.Í. sagðist treysta kjörnefnd fyllilega og auðvelt væri að velja 5 hæfa einstaklinga úr hópi 13 umsækjenda. K.E. benti á að það væri nýbúið að samþykkja Þjónustuhandbók sem tæki á því sem um ræddi. Kjörnefnd færi yfir umsóknir og væri það langt frá því að vera einfalt mál. Í Kjörnefnd sæti fólk með áralanga reynslu. K.E. sagðist ekki vita hvernig LPR ætti að taka á þessu máli. Núna hefðu 13 einstaklingar gefið kost á sér, en mun færri í fyrra og því ólíklegt að við gætum tvöfaldað þá tölu. G.Í. sagði ekkert í handbókinni kollvarpa tillögu sinni. K.E. taldi það vera nánast eins og uppboð á fólki að tína einhverja til og segja þeim að mæta síðan á ráðstefnu þar sem þeir yrðu hugsanlega valdir. V.F. spurði hvort að allir gætu gefið kost á sér í LPR. K.E. sagði að í einhverjum tilfellum væri leitað til reyndra og hæfra einstaklinga, að þeir byðu sig fram til starfa. Það eru AA deildir sem tilnefna menn til landsþjónustu.

Tillögur lagðar fyrir ráðstefnuna:

Tillaga L.V. var borin undir atkvæði, svohljóðandi:

„L.þjón.nefnd skipi starfshóp til [að] fara ofaní kjölinn á AA-útgáfunni og gera tillögu um það hvernig best verður staðið að útgáfumálum samtakanna í framtíðinni. Í hópnum sitji 2 frá LPR 2008 (A.K., S.S.), 2 frá AA-útgáfunni og 2 frá LPR.“

S.S. sagðist vel geta dregið sína tillögu til baka. Fundarstjóri bar tillöguna undir fundarmenn og var hún samþykkt samhljóða.

Tillaga G.Í. var borin undir atkvæði, svohljóðandi:

„Ég legg til að kjörnefnd velji tvöfaldan fjölda þeirra sem á að kjósa í landsþjónustu plús einn hvert ár þannig að ef það á að kjósa tvo nýja meðlimi í landsþjónustu þá verði fimm í framboði, ef það á að velja þrjá þá verði sjö í kosningu og svo framvegis.“

Fundarstjóri bar tillöguna undir fundarmenn og var hún felld með yfirgnæfandi atkvæðum.

Tillaga E.() um ókeypis fundaskrár var borin undir undir atkvæði, svohljóðandi:

„Tillaga til 29. LSP AA-samtakanna: Að prentuð fundaskrá AA samtakanna verði ókeypis öllum.“

Fundarstjóri bar tillöguna undir fundarmenn og var hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

H.H. starfsmaður spurði hvort hún ætti að láta deildir fá ótakmarkaðan fjölda af fundaskrá. Einn fundarmaður benti á að það þyrfti að vera einhver skynsemi í því. Ó.H. benti á að einir fimm bæklingar væru gefnir svo að þetta ætti ekki að vera neitt mál.

27. Ráðstefnuslit

Fundarstjóri sagði þessa ráðstefnu hafa farið vel fram, en taldi ólíklegt að hann kæmi aftur sem fundastjóri. K.E. sagðist einnig vera ánægður. Hann þakkaði fyrir og hvatti fólk til þess að flytja það áfram sem hér hefði komið fram.